

Fréttabréf



Félags tónlistarskólakennara

Hvað segja stjórnmalaflokkarnir um tónlistarmenntun?

Kennarasamband Íslands sendi öllum framboðum sem buðu fram til Alþingiskosninga 2013 örfáar spurningar um skólamál og kjaramál kennara í aðdraganda nýafstaðinna kosninga. Svör framboðanna voru birt á heimasíðu KÍ jafnóðum og þau bárust. Hér á eftir má sjá svör þeirra stjórnmalaflokka sem náðu mönnum á þing við spurningum sem snertu tónlistarfræðslu og tónlistarskóla hvað mest.

Svörin í heild sinni má sjá á heimasíðu KÍ: www.ki.is.

Einnig funduðu formenn aðildarféлага Kennarasambandsins með forsvarsmönnum þeirra stjórnmalaflokka, sem líklegastir voru til að ná sæti á Alþingi, fyrir kosningarnar. Hvorutveggja var liður í því að vekja athygli frambjóðenda á mikilvægi skóla- og menntamála.

Í stefnumarkandi skjölum, erlendum sem innlendum, má sjá að tónlistarskólar gegna mikilvægu hlutverki í uppbyggilegri umbreytingu menntakerfa á 21. öldinni. Listfræðsla ætti að vera grunnur að þroska barna, ungmenna og alls námsfólks hvað varðar vitsmuni, sköpunargreind, tilfinningar, fagurskyn og félagsþroska. Allir eiga rétt til þroska, menntunar, menningar og lista án tillits til þjóðfélagsstöðu, búsetu, aldurs eða efnahags. Tónlist er mikilvægur og órjúfanlegur þáttur menningar og mannlífs og getur aukið lífsgæði.

- A) Hvaða skoðun hefur þinn flokkur á gildi tónlistarmenntunar og starfsemi tónlistarskóla í samfélaginu?
B) Hvaða leiðir sér þinn flokkur til að skilgreina tónlistarskóla sem hluta af skólakerfi þjóðarinnar?



Framsóknarflokkurinn / 19 þingmenn

Hvaða skoðun hefur þinn flokkur á gildi tónlistarmenntunar og starfsemi tónlistarskóla í samfélaginu?

Framsóknarflokkurinn fagnar þeirri miklu grósku sem er í listalífi landsmanna m.a. tónlistarlífi og leggur áherslu á að efla listnám. Tónlist, eins og önnur listform á að vera ríkur þáttur í lífi hvers og eins.

Hvaða leiðir sér þinn flokkur til að skilgreina tónlistarskóla sem hluta af skólakerfi þjóðarinnar?

Í nýrri aðalnámskrá fyrir leik- grunn- og framhaldsskóla er sköpun ein af grunnstöðum menntunar, þar með talin tónlistin. Í yfirliti yfir viðmiðunarstundir að list- og verkgreinar eiga að vera rúmlega 15% af vikulegri kennslu. Það þarf að forma og skipuleggja betur hvernig listaskólar (tónlistar- myndlistar- og leiklistarskólar) starfa með skólum á leik- grunn- og framhaldsskólastigi – aðkoma sveitarfélaga og ríkis, hvernig námið er metið og með hvaða hætti listnám verði samfíð daglegu skólasterfí.



Sjálfstæðisflokkurinn / 19 þingmenn

Hvaða skoðun hefur þinn flokkur á gildi tónlistarmenntunar og starfsemi tónlistarskóla í samfélaginu?

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á mikilvægi listnáms og fræðslu almennt og telur samvinnu tónlistarskóla, myndlistarskóla og hins almenna grunn- og framhaldsskóla afar mikilvæga.

Hvaða leiðir sér þinn flokkur til að skilgreina tónlistarskóla sem hluta af skólakerfi þjóðarinnar?

Sjálfstæðisflokkurinn telur að ræða þurfi stöðu listnáms almennt áður en ákvörðun er tekin um að skilgreina tónlistarskóla sem hluta hins almenna skólakerfis.

Framhald á næstu blaðsíðu

Hvað segja stjórnmalaflokkarnir um tónlistarmenntun?

Framhald af blaðsíðu 1



Samfylkingin / 9 þingmenn

Hvaða skoðun hefur þinn flokkur á gildi tónlistarmenntunar og starfsemi tónlistarskóla í samfélaginu? Hvaða leiðir sér þinn flokkur til að skilgreina tónlistarskóla sem hluta af skólakerfi þjóðarinnar?

Það sannast best á grósku tónlistarinnar á Íslandi hve mikilvægt það er að hið opinbera komi að stuðningi við listgreinar. Með setningu laga um stuðning við tónlistarskóla árið 1975 var gefinn tónninn fyrir uppbyggingu metnaðarfullra tónlistarskóla í sveitarfélögum um allt land. Tónlistarmenntun, og metnaðarfull listmenntun, er mikilvæg fyrir þroska og nám hvers barns, tilfinningalæsi og sjálfsmynd. Nú er sköpun einn af grunnþáttum menntunar og mikilvægt að hugmyndafræði listgreinakennslu, sem og samþætting listgreina við aðrar námsgreinar, aukist í almennu skólastarfi.

Starfsemi tónlistarskóla er mikilvæg í hverju grenndarsamfélagi og leggur Samfylkingin áherslu á að styðja við samstarf tónlistarskóla við leik- og grunnskóla. Ekki síst til að auka möguleika barna á því að stunda metnaðarfullt tónlistarnám, á skólatíma og sem næst heimili sínu.

Sá ánægjulegi áfangi náðist á kjörtímabilinu að samkomulag leit dagsins ljós milli ríkis og sveitarfélaga sem gerir lengra komnum tónlistarnemum kleift að stunda nám sitt óháð búsetu. Samkomulagið hefur eftir tónlistarnám verulega á framhaldsstigi – auk miðnáms í söng - með auknu fjármagni um 250 milljónir króna á ári. Síðustu misserin var unnið frumvarp að lögum um tónlistarskóla sem áriðandi er að leggja fram strax að loknum kosningum. Löggiðfin skilgreinir tónlistarskólana sem hluta af skólakerfi þjóðarinnar.

Greina þarf vel ástæður þess að tónmenntakennurum hefur fækkað síðustu ár. Skoða þarf hvaða skilyrði þeim eru búin í starfi sem og skipulag menntunar þeirra á háskólastigi og leita allra leiða til að þeim fjölgi sem sækir í námið.



Vinstrihreyfingin - grænt framboð / 7 þingmenn

Hvaða skoðun hefur þinn flokkur á gildi tónlistarmenntunar og starfsemi tónlistarskóla í samfélaginu? Hvaða leiðir sér þinn flokkur til að skilgreina tónlistarskóla sem hluta af skólakerfi þjóðarinnar?

Hvers konar listmenntun, t.d. tónlistarmenntun, er mikilvæg fyrir þroska og velsæld hvers og eins. Með nýjum aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla er sköpun orðin einn af grunnþáttum menntunar auk þess sem þar er gerð krafa um jafngildi bóknáms og list- og verkgreina. Mikilvægt að aðferðir listgreinakennslu verði nýttar í almennu starfi skólanna.

Tónmennt er ein þeirra námsgreina sem þarf að tryggja betur í sessi því þótt tónmennt sé lögboðin námsgrein í grunnskólum er hún ekki kennd alls staðar. Skapa þarf betri skilyrði fyrir tónmenntakennara þannig að þeir haldist í starfi en vísbendingar eru um að þeir heltust fremur úr starfi en aðrir kennarar.

Vinstrihreyfingin - grænt framboð stóð á kjörtímabilinu að gerð samkomulags við sveitarfélögin með það að markmiði að efla tónlistarnám og gera tónlistarnemendum kleift að stunda nám sitt óháð búsetu. Samkomulagið felur í sér að ríkissjóður tekur yfir kostnað vegna kennslu í söngnámi á mið- og framhaldsstigi og hljóðfæranámi á framhaldsstigi og eykur framlög til málaflokksins um allt að 250 m.kr. á ári.

Á kjörtímabilinu var unnið frumvarp að heildstæðri löggjöf um tónlistarskóla sem skilgreinir tónlistarskólana sem hluta af skólakerfi þjóðarinnar og er brýnt að það verði lagt fram strax á fyrsta þingi næsta kjörtímabils. Bæði samkomulagið og frumvarpið er í takt við stefnu Vinstri – grænna sem snýst um að tryggja jafnrétti til náms og það á einnig við um tónlistarnám.



Björt Framtíð / 6 þingmenn

Hvaða skoðun hefur þinn flokkur á gildi tónlistarmenntunar og starfsemi tónlistarskóla í samfélaginu?

Tónlistarmenntun er hluti af undirstöðumenntun hvernar þjóðar, enda fátt betra en til dæmis hugljúfur harmonikkuleikur. Tónlistarskóli á að vera skilgreindur hluti grunnþjónustu hvers samfélags og einn þáttur stefnumótunar Bjartrar Framtíðar fyrir landið er skilgreining grunnþjónustu. Við teljum starfsemi tónlistarskóla vera hluta þeirrar þjónustu.

Hvaða leiðir sér þinn flokkur til að skilgreina tónlistarskóla sem hluta af skólakerfi þjóðarinnar?

Tónlistarskólinn er nú rekinn að stærstum hluta af sveitarfélögum og/eða einkaaðilum. Björt Framtíð leggur til að tónlistarskólinn sé hluti grunnþjónustu og því er það um leið okkar skoðun að taka þurfi upp umræðu við þá aðila hvernig aðkoma ríkisins getur stutt við það verkefni að gera hann að grunnþjónustu.



Bjarki Sveinbjörnsson afhendir „Ísmús“ viðurkenningu Tónlistarsafns Ísl.



Hljómsveit píanónemenda frá Tónlistarsk. Ísafjarðar hlaut „Ísmús“ viðurkenninguna



Edda Lárusdóttir, Tónlistarsk. í Rvk. var með besta atriði Nótunnar 2013

Styrktaraðilum Nótunnar þakkað

Arna Kristín Einarsdóttir tekin tali

Nótan – uppskeruhátíð tónlistarskóla var haldin í fjórða sinn á skólaárinu sem nú fer senn að ljúka. Það er óhætt að segja að þetta stóra samstarfsverkefni stéttarinnar hafi dafnað vel á þessum fjórum árum og að uppskeran hafi verið eins og sáð var til. Skólastjórnendur, kennarar og nemendur út um land allt hafa skapað Nótuna í sameiningu í gegnum vinnu sína.

Án góðra styrktaraðila og bakhjarla er þó óvíst hvort Nótan hefði þróast með þeim hætti sem raun ber vitni. Styrktaraðilum Nótunnar eru færðar kærar þakkir fyrir að leggja stéttinni lið á þeirri vegferð að styrkja ungt tónlistarfólk til listsköpunar og að efla listir, menntun og menningu í samfélaginu.

Ýlir - tónlistarsjóður Hörpu fyrir ungt fólk er stærsti styrktaraðili Nótunnar. Þriggja ára samningur við Ýli leiddi til þess að hægt var að halda lokahátíð Nótunnar í Eldborgarsal Hörpu. Það skref gerði mikið fyrir hátíðina.

Landsbanki Íslands er næst stærsti styrktaraðili Nótunnar og hefur verið bakhjarl Nótunnar í tvö ár. Auk fjárstyrks hafa skipuleggjendur hátíðarinnar notið góðra ráða og leiðsagnar bankans varðandi kynningarmál o.fl.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkti Nótuna myndarlega á árinu en Katrín Jakobsdóttir, fyrrverandi ráðherra, hefur tvívegis komið að verðlaunaafhendingu og flutt ávarp á lokaathöfn Nótunnar.

Tónastöðin styður dyggilega við Nótuna og hefur verið styrktaraðili hátíðarinnar frá upphafi.

Hljóðferahúsið/Tónabúðin bættist svo í hóp góðra styrktaraðila Nótunnar á þessu ári.

**Arna Kristín Einarsdóttir, tónleika-
stjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands og
stjórnarmaður í Ýli, sat í valnefnd á
lokatonleikum Nótunnar 2013. Hún
var spurð um upplifun hennar af
þátttöku í Nótunni:**

„Það má eiginlega segja að ég sjái Nótuna frá þremur hliðum. Í fyrsta lagi sem stjórnarmaður í Ýli - tónlistarsjóði Hörpu fyrir ungt fólk, en Nótan er stærsti einstaki styrktaraðili sjóðsins með styrktarsamning til þriggja ára. Þetta er í annað sinn sem sjóðurinn styrkir Nótuna og gerir henni kleift að halda uppskeruhátíð tónlistarskólanna í Hörpu, tónlistarhúsi allra landsmanna.

Í öðru lagi horfi ég á viðburðinn sem tónleikastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem við leggjum stöðugt aukna áherslu á að ná til tónlistarnema

með beinum hætti. Þannig stofnuðum við Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 2009 með það að leiðarljósi að koma beint að þjálfun tónlistarnema í hljómsveitarleik. Á Nótunni sá ég nokkur kunnugleg andlit úr Ungsveitinni og enn fleiri sem ég vonast til að sjá leika með okkur síðar.

Í þriðja lagi horfi ég á Nótuna með augum tónlistarkennarans. Ég veit hve mikil vinna og undirbúningur liggur að baki hverju atriði og ég verð að segja að ég dáist að starfsstéttinni. Þvílíkur afrakstur og árangur!“

**Arna Kristín var einnig spurð um
hvaða áhrif hún teldi hátíðina hafa í
smáu sem stóru samhengi?**

„Ég er ekki í nokkrum vafa um að áhrif uppskeruhátíðar af þessu tagi hefur

gríðarleg áhrif. Hún ýtir undir metnað og hvetur nemendur og kennara til að leggja aukalega á sig. Og það er einmitt þetta „auka“ sem bætir svo miklu við. Tónlistin krefst svo mikils og það þarf að leggja svo mikið á sig til að ná færni og listrænu flugi.

Auðvitað er eiginlega ómögulegt að þurfa að gera upp á milli atriða og í raun ekki hægt að keppa í tónlist þar sem matið er svo huglægt. Það er svo miklu auðveldara að keppa í íþróttum - þú vinnur ef þú kemur fyrstur í mark eða skorar fleiri mörk. Ég verð að segja að það situr enn í mér að geta ekki veitt viðurkenningu atriðum sem mér fannst frábærlega flutt, en það var bara úr svo mörgu að velja á hátíðinni og tónlistarflutningurinn heilt yfir framúrskarandi.“

Myndir af þeim níu atriðum sem fengu Nótuna 2013 - upplýsingar um atriðin á notan.is

Öll 24 atriðin sem flutt voru á lokahátíð Nótunnar má sjá og heyrna á facebook síðu Nótunnar og/edna FT



Slit á samstarfssamningi FT og FÍH

Vegna bréfa sem stjórn FÍH sendi út þann 24. apríl sl. vill stjórn FT koma eftirfarandi á framfæri til upplýsingar fyrir félagsmenn.

Fyrst ber að nefna að stjórn FT er ekki sammála ýmsu því sem kemur fram í bréfi stjórnar FÍH. Ekki þykir ástæða til að rekja það hér í löngu máli í hverju athugasemdir félagsins eru fólgnar en vísað er til bréfa FT til stjórnar FÍH dags. 26. september 2012 annars vegar og 5. nóvember 2012 hins vegar. Þar er rakið í hverju trúnaðarbrestur milli félaganna er fólgninn.

Ferlið í stórum dráttum:

21.09.2012

- FT óskar eftir fundi með FÍH til að ræða trúnaðarbrest í tengslum við samstarfssamning félaganna sem undirritaður var 8. okt. 2010. Ekki varð af fundi þar sem stjórn FÍH sá sér ekki fært að funda næstu vikur sökum anna.

26.09.2012

- Stjórn FT sendir stjórn FÍH bréf þar sem félagið gerir alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð FÍH og brot á samstarfssamningi félaganna.

02.10.2012

- Stjórn FÍH sendir FT bréf þar sem fram kemur að FÍH hafi aldrei litið á samstarfssamninginn sem bindandi og ef FT liti svo á sé samningnum þar með sagt upp.

10.10.2012

- Stjórn FT, varastjórn, samninganefnd og stjórn Fagráðs FT funda um stöðu mála. Fundurinn undirstrikaði þann skilning FT að samstarfssamningur við FÍH hafi átt að treysta samstarf félaganna til framtíðar. Samningurinn hafi kostað talsverða vinnu, tíma og fjármagn og væri að sjálfsögðu bindandi eins og aðrir formlegir samningar félagsins. Óviðunandi væri að annar samningsaðili liti á samninginn eða einstök atriði hans sem valkvæða viljayfirlýsingu.

05.11.2012

- Stjórn FT sendir stjórn FÍH bréf sem áréttaði niðurstöðu fundar félagsins frá 10.10.2012. Ákveðinn trúnaðarbrestur hafi orðið í samstarfi félaganna og enda samstarfssamningur ekki fyrir hendi nema báðir samningsaðilar vinni í samræmi við ákvæði hans. Stjórn FT harmar þróun mála.

17.12.12

- Stjórn FÍH boðar stjórn FT til fundar. Fundurinn undirstrikar enn frekar ólíkan skilning félaganna á samstarfssamningi félaganna.
- Á fundinum kom fram að formaður og varaformaður FÍH litu á samstarfssamning félaganna sem viljayfirlýsingu og að félagið teldi sig ekki bundið af ákvæðum samningsins. FT liti hins vegar á samstarfssamninginn með sama hætti og aðra formlega samninga.
- Formaður FT benti á að viljayfirlýsingar bæru vanalega yfirskriftina „viljayfirlýsing“ en ekki „samstarfssamningur“ og að gerð þeirra hefði jafnan hvorki milljóna kostnað í för með sér né tæki ár í vinnslu. Fram kom hjá fleiri fundarmönnum að hér skyldi greinilega mjög mikið á milli hjá félögunum varðandi skilning á samstarfssamningi félaganna.
- Þar með staðfestist enn frekar það sem áður hafði komið fram í bréfi stjórnar FÍH dags. 2. október 2012 að grundvöllur samstarfssamningsins væri brostinn og að samningnum væri sagt upp af þeirra hálfu ef að FT legði þann skilning í samninginn að um bindandi samning væri að ræða.
- Aðilar voru því sammála um að í ljósi þessa væri hvort félag um sig óbundið í starfi sínu af öllum þeim atriðum sem samstarfssamningnum hefði verið ætlað ná til. Þessi skilningur er

staðfestur af öllum fulltrúum FT sem fundinn sátu.

15.02.12

- Í kjölfar slita á samstarfssamningi FT og FÍH var, eins og lög gera ráð fyrir, ríkissáttasemjara og Sambandi íslenskra sveitarfélaga tilkynnt um að félögin myndu ekki standa saman að kjarasamningsgerð vegna félagsmanna sinna í tónlistarskólum í næstu kjarasamningsviðræðum. Samið er um Starfsmenntunarsjóð tónlistarskólakennara í kjarasamningnum og því þurfti einnig að tilkynna um uppskiptingu á sjóðnum og færslu á umsýslu yfir til KÍ vegna félagsmanna FT.
- Reynt verður að framkvæma uppskiptingu á Starfsmenntunarsjóðnum með þeim hætti að það hafi engin áhrif á félagsmenn og vonandi gengur þetta allt hnökralaust fyrir sig. Fólk sækir áfram í sjóðinn og fær afgreitt eins og venjulega. Um Starfsmenntunarsjóðinn er samið í kjarasamningum og því gengur breytingin ekki í gegn fyrr en við næstu kjarasamningagerð.
- Skilja má bréf stjórnar FÍH dags. 24. apríl sl. á þann veg að stjórnin hafi talið að með slitum á samstarfssamningi félaganna væri FÍH einungis að segja upp þeim ákvæðum samningsins sem þeim hugnaðist og að þeim snéru. Samstarf tveggja aðila hlýtur hins vegar að verka í báðar áttir til hagsbóta fyrir báða samningsaðila.
- Það er von stjórnar FT að áður en langt um liður muni skapast grundvöllur að nýju til að byggja upp samstarf innan stéttarinnar sem byggir á gagnkvæmri virðingu og trausti. Leiðarljósið verði sem fyrr að styrkja sameiginlega hagsmuni stéttarinnar og að vinna málefnum tónlistar sem mest og best brautargengi.

Félag tónlistarskólakennara
Laufásvegi 81,
101 Reykjavík.
Heimasíða á www.ki.is.

Skrifstofa félagsins er opin milli
kl. 9.00 og 13.00 alla virka daga.
Sími: 595-1111 og fax: 595-1112.
Netfang: ft@ki.is.

Ábyrgð og umsjón fréttabréfsins:
Elín Anna Ísaksdóttir, pianó kennari
Sigrún Grendal, formaður
Félags tónlistarskólakennara